

AUGLÝSING

um óverulega breytingu á deiliskipulagi í Mosahlíð, Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 1. júní 1999 breytingu á deiliskipulagi í Mosahlíð, sem samþykkt var í bæjarstjórn 19. júní 1992. Breytingin felst í að bílskúr á lóð nr. 4 við Efstuhlíð er felldur niður og í stað hans er leyfður bílskúr á neðri hæð íbúðarhússins. Aðkoma í bílskúr er innan lóðar, niður með norðurhlíð hússins.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 14. júlí 1999.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,

Magnús Gunnarsson.

AUGLÝSING

um óverulega breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti, Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 15. júní 1999 breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti, sem samþykkt var í bæjarstjórn 30. júní 1998 og öðlaðist gildi 31. ágúst 1998. Breytingin felst í því að innkeyrsla að Hvaleyrarbraut 27-29 frá Brekkutröð, er felld niður og flutt yfir á Hvaleyrarbraut.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 14. júlí 1999.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,

Magnús Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 456/1994 um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum, með síðari breytingum.

1. gr.

7. tl. 2. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 456/1994 með síðari breytingum orðist svo:

Frá 1. september til 15. mars: Helsingi, nema í Austur- og Vestur-Skaftafellssýslum, en þar er friðun helsingja aflétt frá 25. september til 15. mars.